



Ný og breytt ákvæði, í kjarasamningum Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélag Íslands við fjármálaráðherra, sem taka gildi 1. janúar 2016 og breytingar sem gerðar hafa verið á Vinnustund vegna þeirra.

Ef númer greina er ekki það sama í báðum kjarasamningum þá er það tekið fram.

Staðarvaktir

Grein 3.6.1.2 breytt ákvæði

Allir læknar ganga staðarvaktir ekki bara sérfræði- og yfirlæknar. Staðarvaktir greiðast með tímakaupi fyrir yfirvinnu

Virgni í Vinnustund verður þannig:

Tegund vinnu er „Staðarvakt lækna“ og þarf að bæta henni við sem valvakt á þær skipulagseiningar sem á að nota hana á. Fjarlægja þarf úr valvöktum „Staðarvakt“ sem er gamla staðarvaktin. Ef gera þarf lagfæringu á staðarvakt frá árinu 2015 þarf að tengja hana aftur tímabundið í valvöktum. Greiðslur fyrir „Staðarvakt lækna“ reiknast eingöngu útfrá stimplun. Færist á launategundirnar „Staðarvakt yfirvinna“ og „Staðarvakt stórhátíðarálag“

Grein 4.4.2.2. kaffitími á staðarvakt

Vegna takmörkunar á matar- og kaffitíma á staðarvakt skal telja staðarvakt sem skipulögð er 4 klukkustundum eða lengur, 5% lengra en raunverulegri viðveru nam.

Virgni í Vinnustund verður þannig:

Þegar stimplun á staðarvakt sem er 4 klukkustundir eða lengri nær 4 klukkustundum þá reiknast kaffitími 5% af raunverulegri viðveru. Kaffitíminn færist á launategundirnar „Kaffitími á staðarvakt“ og „Kaffitími á staðarvakt stórhátíð“

Grein 4.4.2 staðarvaktarfrí

Á staðarvakt sem er skipulögð sem samfelld viðvera í 8 klukkustund eða lengur skal auk greiðslu tímakaups veita frí á dagvinnutíma sem er ein klukkustund fyrir hverja unna stund og skal sú frítaka falla innan hins fyrirfram skipulagða vinnufyrirkomulags.

Það frí sem hér um ræðir og er til komið vegna undanfarandi almanksárs en hefur ekki verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert eða við starfslok á að greiða úti útborgun 1. maí.

Virgni í Vinnustund verður þannig:

Leyfisréttindin „Staðarvaktarfrí“ bættist í leyfistegundir hjá öllum læknum.

Þegar stimplun á staðarvakt sem er 8 klukkustundir eða lengur nær 8 klukkustundum ávinnst leyfi sem er ein klukkustund fyrir hverja unna stund á staðarvaktinni.

Búa þarf til fjarvistartegund sem tengd er við leyfisréttindin „Staðarvaktarfrí“

FJS mun útbúa fjarvistartegund sem heitir „S_frí“ og lýsingin verður „Staðarvaktarfrí úttekt“ og verður hún sett á allar heilbrigðisstofnanir. Hver stofnun breytir heitinu „S_frí“ eftir þörfum á viðkomandi stofnun.

Eftirstöðvar leyfis eru greiddar út með því að fara í „Greitt út“ á leyfistegundinni „Staðarvaktarfrí“ og valið að „Senda til launakerfis“.

Kaffitími á daglegan vinnutíma

Grein 4.6.1. í samningi Skurðlæknafélags Íslands, kaffitími á daglegan vinnutíma.



Vegna eðlis vinnufyrirkomulags á skurðstofum getur reynt erfitt að taka matar- eða kaffihlé á þeim tímum sem kveðið er á um í kjarasamningi, því skal telja daglegan vinnutíma 2,75% lengri en ella.

Virgni í Vinnustund verður þannig:

Við stimplun inná vinnutíma sem er til uppfyllingar á vinnuskyldu bættist við tími sem nemur 2,75% af lengd stimplunar þó ekki lengri en af áætluðum vinnutíma. Kaffitíminn færist á launategundina „Yfirvinna kaffitímar“

Frí vegna tilfallandi viðbótarvinnu

Grein 4.4.7

Sérfræði- og yfirlæknar fá frí, 40 stundir á ári miðað við starfshlutfall og starfstíma, vegna nætursímtala og vinnu utan mælds vinnutíma. Þetta frí er ekki eins og hefðbundið leyfi með ávinnslutíma og úttektartíma heldur er þetta réttur til töku strax í upphafi hver árs eða á fyrsta degi í starfi og miðast við starfshlutfall hverju sinni.

Það frí sem hér um ræðir og er til komið vegna undanfarandi almanksárs en hefur ekki verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert eða við starfslok á að greiða út í útborgun 1. maí.

Virgni í Vinnustund verður þannig:

Einungis sérfræði- og yfirlæknar fá þessi leyfisréttindi, því þarf að skrá leyfisréttindin „Frí v/viðbótarvinnu“ á þá sérfræði- og yfirlækna sem eru á kjarasamningi Læknafélags Íslands frá 01.01.2016 og þegar nýrlæknir hefur störf.

Allir sem eru á kjarasamningi Skurðlæknafélags Íslands eru sérfræði- eða yfirlæknar og hafa því þennan leyfisrétt, hann er fyrir alla á þeim samningi og þarf því ekki að skrá sérstaklega.

Þann 1. janúar ár hvert bættist við 40 stunda réttur hjá þeim læknum sem eru með leyfistegundina „Frí v/viðbótarvinnu“ miðað við 100% starf og hlutfallslega hjá þeim sem eru í lægra starfshlutfalli. Ef læknir breytir um starfshlutfall uppfærast eftirstöðvar leyfisins þannig, (eftirstöðvar leyfis *nýtt starfshlutfall/fyrri starfshlutfall) sjá dæmi hér að neðan.

Læknir í 100% starfi 01.01. fær 40 stunda leyfisrétt, hann hefur nýtt 20 tíma og á því 20 tíma þegar starfshlutfall hans lækkar í 50% 01.05. Þá breytast eftirstöðvar þannig, $20 \cdot 50 / 100 = 10$ tímar.

Læknir í 50% starfi 01.01. fær 20 stunda leyfisrétt, hann hefur nýtt 10 tíma og á því 10 tíma þegar starfshlutfall hans hækkar í 100% þá breytast eftirstöðvar þannig $10 \cdot 100 / 50 = 20$ tímar.

Búa þarf til fjarvistartegund sem tengd er við leyfisréttindin „Frí v/viðbótarvinnu“

FJS mun útbúa fjarvistartegund sem heitir „S_40f“ og lýsingin verður „Frí sérfræði- og yfirlækna v/viðbótarvinnu úttekt.“ og verður hún sett á allar heilbrigðisstofnanir. Hver stofnun breytir heitinu „S_40f“ eftir þörfum á viðkomandi stofnun.

Eftirstöðvar leyfis eru greiddar út með því að fara í „Greitt út“ á leyfistegundinni „Frí v/viðbótarvinnu“ og valið að „Senda til launakerfis“.

Gæsluvaktir

Greinar 3.6.1.3 og 4.4.3 um gæsluvakt

Fyrir gæsluvaktir verður greitt álag samkvæmt gr. 3.6.1.3 og ef læknir er kallaður út er greitt yfirvinnukaup þann tíma sem hann vinnur. Lágmarksgreiðsla í útkalli er 4 klukkustundir nema þegar um endurtekin útköll er að ræða með skemmra en fjögurra klukkustunda bili milli upphafs hvors/hvers útkalls, þá er greiddur samfelldur tími frá upphafi fyrri/fyrsta útkalls til loka síðara/síðastaútkalls. Hefjist útkall innan fjögurra tíma fyrir upphaf skipulagðs vinnutíma eru greiddir fjórir tímar þó að það skari vinnutíma.

Virgni í Vinnustund verður þannig:



Tegund vinnu er „Gæsluvakt“ og þarf að bæta henni við sem valvakt á þær skipulagseiningar sem á að nota hana á. Fjarlægja þarf úr valvöktum „Gæsluvakt 1“ og „Gæsluvakt 2“ sem eru gömlu gæsluvaktirnar. Eins þarf að taka úr valvöktum „Síðdegisvakt lækna án sérfræðileyfis“. Ef gera þarf lagfæringu á eldri vaktategundum frá árinu 2015 þarf að tengja þær aftur tímabundið í valvöktum.

Gæsluvaktarálag reiknast eftir því á hvaða tíma hún er skipulögð. Ef stimplun er á vaktina þá reiknast yfirvinna og gæsluvakt dregst frá á sama tíma.

Útkall reiknast sem yfirvinna samkvæmt reglum um það.

Grein 4.4.4 um gæsluvakt með viðveruskyldu

Þegar viðveruskylda er skipulögð á gæsluvakt er greidd yfirvinnustund fyrir hvern unnin tíma. Ekki er greitt útkall þegar læknir mætir til vinnu á gæsluvakt með viðveruskyldu.

Virkni í Vinnustund verður þannig:

Tegund vinnu er „Gæsluvakt með viðveru“ og þarf að bæta henni við sem valvakt á þær skipulagseiningar sem á að nota hana á.

Þegar vakt hefur verið skráð færist sá tími á launategundina „Gæsluvakt viðvera“ eða „Gæsluvakt viðvera stórhátíð“ óháð því hvort stimplun er á tímanum eða ekki. Útkall reiknast ekki á „Gæsluvakt með viðveru“.

Bókun 7 í samningi Læknafélags Íslands

Ef læknir hefur verið á fleiri en 24 vöktum sem eru 16 klukkustundir eða lengri á hverjum fjórum mánuðum þá á að greiða 25% álag. Samliggjandi gæsluvakt og gæsluvakt með viðveru teljast saman ef þær ná 16 klukkustundum samanlagt, t.d. gæsluvakt með viðveru frá 16:00 til 20:00 og gæsluvakt frá 20:00 til 08:00 telst sem 16 klukkustunda vakt.

Virkni í Vinnustund verður þannig:

Vakt sem læknir sinnir sem er 16 stundir eða lengri og er númer tuttugu og fimm eða hærra á hverjum fjórum mánuðum færist á launategund þar sem taxtinn er 25% hærra en ella.

Það telst ein vakt á sólarhring miðað við upphafstíma vakta, ef gæsluvakt er skráð frá 16:00 á föstudegi til 08:00 á mánudegi er það talið sem þrjár vaktir. Fyrsta frá 16:00 á föstudegi til 16:00 á laugardegi og næsta frá þeim tíma til 16:00 á sunnudegi og þriðja frá þeim tíma til 08:00 á mánudegi. Ef gæsluvakt á t.d. öðrum eða þriðja sólarhring langrar vaktar er vakt númer 25 þá er vaktinni skipt upp og greitt álag frá tuttugustu og fimmtu vaktinni.

Bókun 6 í samningi Skurðlæknafélag Íslands

„Aðilar eru sammála um að þrátt fyrir ákvæði gr. 4.1.3 skuli leitast við að takmarka fjölda gæsluvakta utan dagvinnutíma, sem eru 16 klst. eða lengri, sem hverjum og einum lækni er gert að sinna. Í því skyni hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi:

Fari vaktafjöldi umfram 24 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 30% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 28 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 35% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 32 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 40% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 36 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 45% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 40 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 50% álag ofan á gæsluvaktarálag.“



Virgni í Vinnustund verður þannig

Vakt sem er 16 stundir eða lengri og er númer 25 til 28 á hverjum fjórum mánuðum færast á launategund þar sem taxtinn er 30% hærri en gæsluvaktarálag á þeim tíma sem hún er skipulögð á. Vakt sem er 16 stundir eða lengri og er númer 29 til 32 á hverjum fjórum mánuðum færast á launategund þar sem taxtinn er 35% hærri en gæsluvaktarálag á þeim tíma sem hún er skipulögð á. Vakt sem er 16 stundir eða lengri og er númer 33 til 36 á hverjum fjórum mánuðum færast á launategund þar sem taxtinn er 40% hærri en gæsluvaktarálag á þeim tíma sem hún er skipulögð á. Vakt sem er 16 stundir eða lengri og er númer 37 til 40 á hverjum fjórum mánuðum færast á launategund þar sem taxtinn er 40% hærri en gæsluvaktarálag á þeim tíma sem hún er skipulögð á. Vakt sem er 16 stundir eða lengri og er númer 41 eða herra á hverjum fjórum mánuðum færast á launategund þar sem taxtinn er 50% hærri en gæsluvaktarálag á þeim tíma sem hún er skipulögð á. Það telst ein vakt á sólarhring miðað við upphafstíma vakta, ef gæsluvakt er skráð frá 16:00 á föstudegi til 08:00 á mánudegi er það talið sem þrjár vaktir. Fyrsta frá 16:00 á föstudegi til 16:00 á laugardegi og næsta frá þeim tíma til 16:00 á sunnudegi og þriðja frá þeim tíma til 08:00 á mánudegi. Ef gæsluvakt á t.d. öðrum eða þriðja sólarhring langrar vaktar er vakt númer 25 þá er vaktinni skipt upp og greitt álag frá tuttugustu og fimmtu vaktinni.

Annað

Ef búið er að skrá í Vinnustund eldri tegundir af vöktum eftir 1. janúar 2016 þarf að henda þeim út og skrá nýjar vaktategundir. Taxategundir fyrir eldri vaktir verða ekki til eftir 1. janúar 2016.